

Nd.

162. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og laga nr. 50, 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundson, Halldór Stefánsson.

1. gr.

Lög nr. 31, 20. október 1905, um sölu þjóðjarða, og lög nr. 50, 16. október 1907, um sölu kirkjujarða, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við flm. þessa frv. höfum á þskj. 149 lagt fyrir Alþingi frv. til laga um verðhækkunarskatt, er renni í sérstakan sjóð, sem varið sé til þess að kaupa í opinbera eign lóðir og jarðeignir. Leiðir af því, að frá okkar sjónarmiði er sjálf-sagt, að hætt sé að selja jarðir úr opinberri eign.

Með lögum um sölu þjóðjarða og kirkjujarða var ráðherra gefin heimild til þess, með vissum takmörkunum, að selja ábúendum slíkar jarðir. Orkar það vart tvímælis lengur, að lagasetning þessi hefir orðið til hins mesta ógagns. Verð-mætar fasteignir hafa flutzt úr eign hins opinbera í eign einstakra manna, oftast fyrir sáralítið verð. En það takmark, sem talið var að ætti að nást fyrir tilstilli þessara laga, að sem flestir bænda gætu eignazt jarðir sínar, er ennþá jafn-fjarri þrátt fyrir lög þessi.

Með réttlátri ábúðarlöggjöf má auðveldlega tryggja ábúendum opinberra jarðeigna full not og arð umbóta þeirra, sem þeir sjálfir gera á jörðunum. Við flm. flytjum því á þskj. 161 tillögu til þingsályktunar þess efnis, að neðri deild Alþingis skori á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um ábúðar-rétt leiguliða á jarðeignum, sem eru í eign hins opinbera.